

**Menntaskólinn á Akureyri**  
**Námslýsing og kennsluáætlun**

<b>Áfangi</b>	EÐL111
<b>Tímabil</b>	Haustönn 2012
<b>Bekkur</b>	Valgrein, 3TX, 4TXU
<b>Kennari</b>	Stefán G. Jónsson
<b>Markmið</b>	Nemendur eiga að a) þekkja ýmis hugtök úr mismunandi greinum eðlisfræðinnar, b) gera sér grein fyrir hvernig finna má samband á milli þeirra breytistærða sem geta komið fyrir, c) geta leyst ýmsar þrautir í eðlisfræði, d) fá æfingu í að leysa krossapróf, e) leysa nokkur verkefni úr forkeppni og landskeppni í eðlisfræði, f) kynnast verkefnum sem lögð hafa verið fyrir á Ólympíuleikum í eðlisfræði, g) gera grein fyrir lausnum sínum á heimaverkefnum í tímum.
<b>Leiðbeiningar</b>	Þessi áfangi byggist á því að vinna vel í tímum og leysa þau verkefni sem lögð eru fyrir. Reiknað er með því að nemendur séu virkir í því að spyrja út í efnið. <u>Fyrirlestrar</u> – Kynnt verða viðfangsefni úr nokkrum greinum eðlisfræðinnar. Umræður verða um efnið eftir því sem við á og spurningum svarað. <u>Dæmatímar</u> – Nemendur reikna dæmi sem verða lögð fyrir. Meirihluti tímans fer í þetta.
<b>Verkefni</b>	<u>Tímaverkefni</u> – Lögð verða fyrir verkefni sem leyst verða í tímum og heima ef ekki tekst að ljúka þeim í tímum.
<b>Námsmat</b>	<u>Virkni</u> (ástundun) – Fullnægjandi þátttaka í tímum, vinna verkefna og munnleg greinargerð í tíma um heimadæmi sem sett verður fyrir gefur staðið fyrir áfangann.
<b>Lesefni</b>	Efni sem kennari bendir á í tímum.
<b>Kennsluáætlun</b>	Verkefni unnin jafnt og þétt á önninni.